



MPM – Master of Project Management

Er löggilding starfsheitisins verkefnastjóri
raunhæfur möguleiki á Íslandi?

Júní, 2018

Nafn nemanda: Eva Kristinsdóttir

Kennitala: 170184 – 3359

Leiðbeinandi: Helgi Þór Ingason

10 ECTS ritgerð til MPM – Master of Project Management

ER LÖGGILDING STARFSHEITISINS VERKEFNASTJÓRI RAUNHÆFUR MÖGULEIKI Á ÍSLANDI?

Eva Kristinsdóttir

10 ECTS eininga ritgerð lögð fram við tækni – og verkfræðideild Háskólans í
Reykjavík til meistaraprófs í verkefnastjórnun (MPM)

Júní 2018

Nemandi:

Eva Kristinsdóttir

Leiðbeinandi:

Helgi Þór Ingason

ÚTDRÁTTUR

Umræðan um viðtæka notkun orðsins verkefnastjóri hefur verið tíð innan samfélags verkefnastjóra. Tilgangur verkefnisins var að skoða stöðu löggildinga starfsheita almennt, skoða þróun á löggildingu starfsheitisins verkefnastjóri í Bretlandi og setja fram tillögur um næstu skref fyrir verkefnastjóra á Íslandi. Rannsóknaraðferð var eigindleg og viðtöl voru valin sem gagnasöfnunaraðferð þar sem val viðmælenda var úrtakagerð eftir hentugleika þar sem þátttakendur eru auðveldlega aðgengilegir þeim sem rannsakar. Alls voru níu viðtöl tekin. Bretar opnuðu fyrir umsóknir um löggildingar starfsheitisins faglegur verkefnastjóri í maí 2018 þar sem hægt er að velja milli nokkurra umsóknarleiða. Við rannsóknina kom fram að Bretar vilja gera verkefnastjórnun að faggrein og auka fagmennsku sem mun auka líkur á vel heppnuðum verkefnum. Helstu niðurstöður sýna að kröfur til löggildingar starfsstétta á Íslandi eru mismunandi og samkvæmt Stjórnarskránni þurfa almenningshagsmunir að vera í húfi til að löggilding sé veitt. Rík hefð er hér á landi fyrir löggildingu starfsheita en að baki liggja mismunandi lög sem eru mörg hver ansi gömul. Í Evrópu, þar með talið á Íslandi, er stefnan að finna skapandi lausnir til að auka fagmennsku fremur en að löggilda starfsheiti. Erfitt gæti því reynst að sanna að almenningshagsmunir séu í húfi í tilfelli verkefnastjóra en næstu skref gætu til dæmis verið að kalla saman starfshóp, boða til þings þar sem ýmsir hagsmunaaðilar kæmu að borðinu og ræddu hvaða leiðir séu í boði hvað þetta varðar og skoða hvað aðrar starfsstéttir og aðrar þjóðir hafa gert.

ABSTRACT

The wide use of the word project manager has been in the discussion within the community of project managers. The purpose of this paper was to examine the situation of chartered job titles in Iceland, examine the development of the Chartered Project Professional in the UK and make proposals of next steps for project managers in Iceland. Qualitative research method was chosen and compilation of data was done by interviews. The sampling was chosen by using convenience sampling where participants are chosen because they are easily reachable by the researcher. A total of nine interviews were conducted. In May 2018 the register of Chartered Project Professional opened for applications in the UK where an applicant can choose from three application routes. This study revealed that the British wanted to make project management a profession and increase professionalism which in turn increases the probability of successful projects. The main findings show that there are different criteria for chartered status of different professions in Iceland and according to the Constitution of Iceland public interest has to be at stake for chartered status to be given to a professional designation. In Iceland there is a tradition of chartered status of professional designation but there are many laws to them of which many are old. In Europe, including Iceland, the trend is to go from chartered status of professional designation to finding creative solutions to increase the standard within a profession. It could be difficult to prove that public interest is at stake in the case of project managers but the next steps could be to gather a workgroup or a convention involving stakeholders to discuss the matter and look into what options there are and what other professions and other nations have done.

1. INNGANGUR

Meðal verkefnastjóra á Íslandi hefur verið mikil umræða um hversu viðtækur titillinn verkefnastjóri sé og að hann sé í raun notaður um ýmiss konar störf sem fela ekki í sér eiginlega verkefnastjórnun. Menntaðir verkefnastjórar og verkefnastjórar með mikla reynslu, og IPMA vottun því til staðfestingar, eru því í daglegu tali ekki aðgreindir frá öðrum sem hafa starfstítilinn verkefnastjóri. Hægt er að velja mismunandi leiðir til náms á Íslandi, diplománám, MPM nám við Háskólann í Reykjavík eða MS-nám í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands. Við IPMA vottun þarf sá sem gengur í gegnum slíka vottun að sýna fram á þekkingu og/eða reynslu eftir því hvaða stig vottunarinnar á við. Mikil vinna liggur á bak við námið og vottunarferlið.

Ætlast er til að fagmenn hafi viðtækan skilning á sínu sviði og þeim er treyst vegna faglegrar hæfni og þeirra og þekkingar. Þess vegna þurfa flestir fagmenn að hlýða siðareglum sem starfsstéttin hefur sett sér. Að vera fagmaður felur ekki einungis í sér leið að ákveðnum starfsferli, í því felst einnig menntun, þjálfun, siðgæðisvitund og áhugahvöt. Fagmaður er jákvæður gagnvart stétt sinni, er traustsins verður gagnvart viðskiptavinum og skyldum hans gagnvart þeim. Verkefnastjórnun er fremur ný í skilningi þess að vera fræðigrein og ekki jafn þekkt sem slík í samanburði við gamlar fagstéttir eins og verkfræðinga og lækna. Hún er enn að þróast eins og aðrar stjórnunarstéttir (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2013).

Rétt er að hafa í huga hugtakið atvinnufrelsi í þessu samhengi. Samkvæmt 75. grein Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 1944 nr.33 kemur fram „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“ Þessar lagalegu skorður geta verið löggilding. Samkvæmt starfsmanni Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins felur löggilding í sér lögverndun á starfsheiti eða starfsheiti og starfi með lögum.

Frá maí 2018 var hægt að sækja um löggildingu starfsheitisins faglegur verkefnastjóri (e. Chartered Project Professional) í Bretlandi í gegnum Bresku verkefnastjórnunarsamtökin APM (Association for project management, e.d.-a). Það þótti því gagnlegt að skoða hvað varð til þess að Bretar ákváðu að fara þessa leið, hvernig ferlið hjá þeim hafi gengið og hvaða kröfur eru gerðar til einstaklinga til að fá löggildingu starfsheitisins.

Að þessu sögðu er ljóst að það er vel þess virði að skoða möguleikann á því hvort löggilding starfsheitisins verkefnastjóri sé raunhæfur og fýsilegur möguleiki á Íslandi eða hvort önnur leið sé hentugri. Tilgangur verkefnisins var að skoða stöðu löggildinga starfsheita almennt, skoða þróun á löggildingu starfsheitisins verkefnastjóri í Bretlandi og setja fram tillögur um næstu skref fyrir verkefnastjóra á Íslandi.

Rannsóknarspurningar sem settar voru fram eru: Hver er hefðin fyrir löggildingu starfsheita á Íslandi? Hvers vegna ákváðu Bretar að löggilda starfsheitið faglegur verkefnastjóri? Hver eru næstu skref í þessum efnum í tilfalli íslenskra verkefnastjóra?

2. FRÆÐILEG UMFJÖLLUN

2.1 Löggilding nokkurra starfsheita

Í reglugerð um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 249/1999 kemur fram að viðkomandi fagráðuneyti veiti starfsleyfi.

Í skýrslu nefndar vegna endurskoðunar iðnaðarlaga kemur fram að löggilding starfsgreina feli í sér takmarkanir á atvinnufrelsi og strangar kröfur þurfi að gera þegar löggjöf felur í sér þess háttar skerðingu. Markmið slíkrar skerðingar þurfa að vera skýr og löggjafinn verður að hafa tekið afstöðu til þeirra og í lögunum þurfa að koma fram meginreglur til að ná fram markmiðunum og hvert umfang þessara takmarkana á atvinnufrelsi sé. Auknar kröfur eru gerðar til þess að skilyrðin um takmörkun/skerðingu atvinnufrelsis séu uppfyllt samkvæmt dómaraframkvæmd síðustu ára. Þetta birtist í því að löggjafinn þarf sjálfur að taka afstöðu til takmarkananna í stað þess að framselja hana til framkvæmdarvaldsins og lagaheimildir sem takmarka atvinnufrelsið verða að vera skýrar. Hugtakið almannahagsmunir er ekki skilgreint með löggjöf eða af fræðimönnum. Í skýrslunni kemur fram sú að túlkun gæti átt við þegar einhvers konar samfélagslegir hagsmunir eigi í hlut en ekki persónulegir hagsmunir eins eða fárra manna eins og kemur fram um hugtakið almenningsþörf í ritinu Stjórnskipunarréttur („Skýrsla nefndar vegna endurskoðunar Iðnaðarlaga“, 2012).

Iðnaðarlöggjöfin er gömul og markmið hennar er ekki tilgreint í lögunum en löggjöfin byggir á grunni frá 1927, að vernda störf menntaðra iðnaðarmanna sem og á neytendarvernd. Á Íslandi felur löggilding iðngreina í sér einkarétt á bæði starfsemi og notkun á starfsheiti í viðkomandi iðngreinum. Fleiri dæmi um löggilding starfsstétta sem fela bæði í sér einkarétt til að starfa í þeim greinum sem og einkarétt til að nota starfsheitið eru ýmsar heilbrigðisstéttir, leikskólakennarar, grunnskólakennarar, framhaldskólakennarar, fasteignasalar og lögmenn („Skýrsla nefndar vegna endurskoðunar Iðnaðarlaga“, 2012).

Í sumum starfsgreinum eru aðeins starfsheiti lögvernduð en ekki er lögverndun á störfunum sjálfum, dæmi um þetta má nefna verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, tölvunarfræðinga, viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Viðkomandi hefur því einungis einkarétt til að nota starfsheitið en ekki einkarétt til ákveðinna starfa. Þessi leið hefur verið farin t.d. þar sem erfitt hefur verið að aðgreina starfsemi frá starfsviði annarra líkra hópa („Skýrsla nefndar vegna endurskoðunar Iðnaðarlaga“, 2012).

Samkvæmt Lögum um löggilding nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni - og hönnunargreinum nr. 8/1996 eru starfsheiti sem lögin taka til tilgreind (t.d. verkfræðingar, tæknifræðingar, byggingafræðingar og tölvunarfræðingar). Þar segir að þeir einir hafi rétt til að nota tiltekið starfsheiti séu þeir sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra. Leyfið fæst einungis ef viðkomandi hefur lokið fullnárðarprófi í viðkomandi starfsgrein. Fagfélög skulu setja reglur um hvaða nám teljist til fullnárðarprófs viðkomandi starfsgreinar. Þess er einnig getið í lögunum að hafi einstaklingur lokið BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfi ekki leyfi ráðherra.

Fram kemur í Lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 að það er á herðum landlæknis að veita tilskilin leyfi til að nota starfsheiti löggiltar heilbrigggðisstéttar og starfa sem slíkur hér á landi. Þar er tiltekið hvaða heilbrigggðisstéttir eru löggiltar og sem dæmi má nefna félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, lækna, lyfjafræðinga og sálfræðinga. Ráðherra, í samráði við landlækni, viðkomandi fagfélag og menntastofnun hérlendis, setur reglugerðir um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá leyfi til að nota tiltekið starfsheiti og starfa sem slíkur. Í reglugerðinni skal

tiltekið hvaða námi þurfi að ljúka sem og starfsþjálfun, eigi það við. Fram kemur að markmið laganna séu að „*tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um menntun, kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.*“ Í lögnum kemur fram að þegar ákveða eigi hvort starfssett eigi að falla undir lög in skuli skoða nauðsyn löggildingar og horfa þar til öryggis, hagsmuna og þarfar sjúklings fyrir þjónustu starfsstéttarinnar auk innihalds og markmiðs menntunar og að hún verði að byggja á fræðilegum og traustum grunni.

Í Lögum um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga nr. 27/1981 kemur fram að menn þurfi leyfi ráðherra til að nota starfsheiti en jafnframt kemur fram að þeir sem hafa lokið tiltekinni menntun úr viðurkenndum íslenskum háskóla þurfi ekki slíkt leyfi ráðherra. Einnig kemur fram að veita megi einstaklingum sem hafa starfað sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar í a.m.k. 6 ár leyfið þrátt fyrir að fullnægja ekki prófskilyrðum í lögnum. Áður þarf þriggja manna nefnd skipuð af ráðherra að skoða umsóknina.

Almennt gildir að til að hafa rétt á að kalla sig löggildan endurskoðanda þarf viðkomandi m.a. að hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem endurskoðendaráð hefur viðurkennt, hafa unnið hjá endurskoðunarfyrirtæki í a.m.k. þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila, standast þar til gert löggildingarpróf og hafa starfsábyrgðartryggingu. Í lögnum er tiltekið að endurskoðendur skuli viðhalda menntun sinni og skal endurmenntunin að lágmarki vera 20 klukkustundir á ári og 120 klukkustundir á hverju þriggja ára tímabili og tiltekið er hvernig skiptingin skuli vera. Endurskoðandi þarf að skrá endurmenntun sína í rafræna gangaskrá á vegum Félags löggiltra endurskoðenda. Árlega fær endurskoðendaráð yfirlit úr rafrænu gagnaskránni og sinnir eftirliti með endurmenntun endurskoðenda. Ráðherra gefur út löggildingarskírteini (Lög um endurskoðendur nr. 79/2008; Reglugerð um endurmenntun endurskoðenda nr. 30/2011).

Af þessu má sjá að það eru mismunandi skilyrði sem löggiltar starfsstéttir þurfa að uppfylla til þess að mega nota tiltekið starfsheiti og/eða löggilda tiltekið starf. Í sumum tilvikum nægir tiltekin menntun, stundum þarf leyfi frá ráðherra eða landlækni sem fer yfir umsókn og í sumum tilvikum þarf viðkomandi einnig að sýna fram á starfsreynslu. Í einhverjum tilfellum þarf viðkomandi aðili að þreyta próf og stundum er tiltekið hvaða endurmenntun verði að eiga sér stað og að viðkomandi aðili þurfi að hafa starfsábyrgðartryggingu. Í sumum tilvikum má viðkomandi hafa starfað í faginu í ákveðinn tíma án þess að fullnægja menntunarskyldu en þá þarf það að fara í gegnum sérstakt mat hjá ákveðinni nefnd.

Árið 2015 gaf Viðskiptaráð út skoðun á lögverndun. Þar kemur meðal annars fram að mest íþyngjandi form lögverndunar, leyfisskylda sé notuð meira hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Þar kemur fram að rannsóknir hafi ekki sýnt að lögverndun þjóni almannahagsmunum með auknum gæðum en hún þjóni hagsmunum þeirrar stéttar sem um ræðir með hærri tekjum. Viðskiptaráð hvatti stjórnvöld til að fara að fordæmi erlendra ríkja og lögvernda þær starfsgreinar þar sem lögverndun sannarlega skilar ávinningi. Ekki fæst séð í þessari skoðun hvernig slíkur ávinningur er skilgreindur (Viðskiptaráð Íslands, 2015). Þess ber að geta að megintilgangur Viðskiptaráðs er að gæta hagsmuna viðskiptalífsins og hlutverk þess meðal annars að efla skilning á mikilvægi frjálsra viðskipta og lágmarka opinber afskipti (Viðskiptaráð Íslands, e.d.).

2.2 Löggilding starfsheitisins faglegur verkefnastjóri í Bretlandi

Þann 16. maí 2018 var opnað fyrir umsóknir hjá Verkefnastjórnunarfélagi Bretlands (e. Association for project management, APM) um löggildinguna starfsheitisins faglegur verkefnastjóri (ChPP). Með því að fá löggildinguna sýnirðu fram á ákveðna tæknilega þekkingu, faglega ástundun og siðfræðilega hegðun. Þeir sem sækja um þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur, s.s. að geta sannað að þeir hafi getað skilað af sér afloknum verkefnum, verkefnastofnum eða verkefnaskrá, að vera með nýjustu þekkingu á núverandi verklagi og aðferðum og að vera virkir í starfsgrein verkefnastjóra. Nokkrir kostir eru taldir upp fyrir þá sem sækja um, m.a. betri ferilskrá sem sker sig úr á atvinnumarkaðnum, skipulag fyrir þróun starfsferils, alþjóðleg viðurkenning, trygging á háum staðli fyrir viðskiptavinum og siðfræðilegri ástundun. Fyrir vinnuveitendur tryggir þetta m.a. háan staðal á vinnulagi sem og siðfræðilega ástundun, hvetjandi teymi sem skuldbindur sig til áframhaldandi starfsþróunar og aukinn staðal fyrir verkefnastjórnun í skipulagsheildum og hjá almenningi (Association for project management, e.d.-a).

Hægt er að sækja um þrjár leiðir til að fá löggildinguna en allir umsækjendur þurfa að sýna fram á tæknilega kunnáttu og faglegt verklag (e. professional practice) sem skilgreind er í APM hæfniviðmiðum. Þeim er skipt í hæfnipætti sem eru skylda (10 þættir) og hæfnipætti sem eru valfrjálssir (val um 2 þætti). Í umsóknarferlinu þarf að sýna fram á tæknilega þekkingu fyrir lengra komna og skilning á því hvernig eigi að skila verkefnum, verkefnastofnum eða verkefnaskrá þar sem tekið er tillit til margra þátta og mismunandi nálgun. Það fer eftir því hvaða leið er valin hvernig tæknilega þekkingin er metin, annað hvort með viðurkenndu mati eða með löngu viðtali. Faglegt verklag er metið annað hvort með viðurkenndu mati eða með skriflegri umsókn þar sem fram kemur yfirlit yfir eitt til fjögur verkefni, verkefnastofna eða verkefnaskrár og skrifleg staðfesting þar sem faglegt verklag er staðfest fyrir alla tíu skylduhæfnipættina og tvo valhæfnipætti. Skilningur og skuldbinding umsækjenda til siðfræðilegrar ástundunar og hollustu við siðareglur APM eru metin í viðtalinu. Umsækjendur þurfa að sýna fram á 35 klukkustundir af faglegri þróun sem fellur undir fyrirfram skilgreindar kröfur APM ár hvert (Association for project management, e.d.-b).

Ýmis samtök og aðrir geta sótt um til APM til að fá þeirra mat viðurkennt, annað hvort sem mat til að mæta kröfum tæknilegrar þekkingar eða mæta bæði kröfum tæknilegrar þekkingar og á faglegu verklagi (Association for project management, e.d.-b).

Til einföldunar hafa þessar þrjár mismunandi leiðir verið settar upp í töflu 1 hér að neðan. Leið 1 er fyrir þá sem hafa viðurkennt mat á tæknilegri þekkingu, leið 2 er fyrir þá sem hafa viðurkennt mat á tæknilegri þekkingu og faglegu verklagi og leið 3 er byggð á reynslu fyrir þá sem ekki hafa viðurkennt mat en uppfylla þær hæfnikröfur sem eru áskildar.

Tafla 1: Þrjár mismunandi umsóknarleiðir til löggildingar starfsheitisins faglegur verkefnastjóri í Bretlandi (Association for project management, e.d.-b).

| | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 |
|--|---|---|---|
| Sönnun á viðurkenndu mati | x | x | |
| Upplýsingar um tvo meðmælendur | x | x | x |
| Fagleg þróun skv. skilgreiningu APM síðastliðna 12 mánuði | Staðfesting | Lýsing á | Staðfesting |
| Samþykking að skuldbinda sig til að fara eftir siðareglum APM | x | x | x |
| Tæknileg kunnátta: | Sönnuð með viðurkenndu mati | Sönnuð með viðurkenndu mati | Metin með löngu viðtali |
| Faglegt verklag: | Metið upphaflega með skriflegri umsókn sem inniheldur*: <ul style="list-style-type: none"> • Yfirlit yfir eitt til fjögur verkefni, verkefnastofna eða verkefnaskrár. • Skrifleg staðfesting þar sem farið er yfir faglegt verklag í hæfnipáttunum. | Sannað með viðurkenndu mati* | Metið upphaflega með skriflegri umsókn sem inniheldur*: <ul style="list-style-type: none"> • Yfirlit yfir eitt til fjögur verkefni, verkefnastofna eða verkefnaskrár • Skrifleg staðfesting þar sem farið er yfir faglegt verklag í hæfnipáttunum |
| Viðtal | Allt að einnar klukkustundar viðtal þar sem farið er yfir: <ul style="list-style-type: none"> • Könnun og staðfesting á skriflegri umsókn • Siðfræði | Allt að hálftrar klukkustundar viðtal þar sem farið er yfir: <ul style="list-style-type: none"> • Könnun á faglegri þróun • Spurningar um núverandi ástundun sem tengjast hæfnipáttunum • Siðfræði | Allt að tveggja klukkustunda viðtal þar sem farið er yfir: <ul style="list-style-type: none"> • Könnun og staðfesting á skriflegri umsókn • Mat á tæknilegri kunnáttu hæfniviðmiða byggt á þeim sönnunum sem fylgdu umsókn • Siðfræði |

*Yfirlýsing, þar sem fram kemur hvernig viðkomandi uppfyllir kröfur um að vera faglega virkur, þarf ef meirhluti sannana/viðurkennda matið er meira en 5 ára gamalt.

2.3 Saga verkefnastjórnunar á Íslandi

Saga verkefna á Íslandi er mun lengri en saga verkefnastjórnunar sem fræðigreinar (Helgi Þór Ingason, Haukur Ingi Jónasson og Þórður Víkingur Friðgeirsson, e.d.). Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur sótti fyrstu alþjóðaráðstefnu sem haldin var á vegum Evrópusamtaka verkefnastjórnunarfélaga árið 1967. Næstu ár stóð Egill fyrir mörgum námskeiðum um allt land á vegum Stjórnunarfélagsins. Fyrsta ráðstefna norrænu verkefnastjórnunarfélaganna var haldin 1983 og Daníel Gestsson verkfræðingur sat þá ráðstefnu en þar kynntist hann Morten Fangel sem var formaður dönsku samtakanna. Morten kom svo til Íslands og stýrði 6 daga námskeiði um verkefnastjórnun á vegum Endurmenntunardeildar Háskóla Íslands. Árið 1984 var svo Félagið verkefnastjórnun (síðar Verkefnastjórnunarfélag Íslands, VSF) stofnað.

Íslenska félagið gekk í Evrópusamtök verkefnastjórnunarfélaga sem hét þá orðið International Project Management Association (IPMA) strax á fyrsta starfsári sínu. Menntanefnd Verkefnastjórnunarfélagsins hafði séð um mennta- og fræðslumál félagsins og staðið fyrir ýmsum námskeiðum en hún var lögð niður þegar félagið tók upp vottanir 1997. Menntunin færðist þá að miklu leyti inn í háskóla landsins (Verkefnastjórnunarfélag Íslands, 2014a).

Vottanir sem VSF býður upp á eru af stigi D, C og B af vottunarferli IPMA og gildistími vottana er 5 ár og eftir það er hægt að sækja um endurvottun til 5 ára. Vottunin er alþjóðleg staðfesting á færni og reynslu verkefnastjóra. Í vottun af D stigi er gerð krafa til þekkingar en ekki reynslu. Í vottun af C stigi er gerð krafa um að minnsta kosti 3ja ára reynslu af stjórnun verkefna. Í vottun af stigi B er gerð krafa um að minnsta kosti 5 ára reynslu af verkefnastjórnun en þar af verða 3 ár að vera við stjórnun umfangsmikilla verkefna. Í vottun af stigi A þarf að minnsta kosti 5 ára reynslu af stjórnun verkefnaskráa eða verkefnastofna auk tveggja ára starfsreynslu sem verkefnastjóri umfangsmikilla verkefna (Verkefnastjórnunarfélag Íslands, e.d.-a, e.d.-b, e.d.-c). Árið 2003 var boðið var upp á námið Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem var hannað fyrir þá sem vildu öðlast þekkingu og þjálfun á sviði verkefnastjórnunar og styrkja leiðtogaþæfileika en það var samstarf Nordica og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands (Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson, e.d.); (Vogl, e.d.). MPM námið hófst svo haustið 2005 og er nú kennt við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík (Háskólinn í Reykjavík, e.d.). Einnig er nú MS-nám í verkefnastjórnun í boði við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, e.d.).

Síðareglur IPMA vottaðra einstaklinga má finna á heimasíðu VSF (Verkefnastjórnunarfélag Íslands, e.d.-d). Þegar sótt er um vottun eiga umsækjendur að haka í og staðfesta að þeir hafi lesið síðareglurnar. Ekki kemur fram þar hvernig þessar síðareglur voru mótaðar. Þær virðast vera þýðingar á síðareglum í Bretlandi og Skandinavíu og vera óbreyttar síðan 2006 og er gagnsemi þeirra því takmarkað. Verkefnastjórnun hefur ekki enn þróast í að verða að fullmótuðu fagi á Íslandi. Umfang verkefna breytist og rannsóknir hafa sýnt að kostnaður fer yfirleitt fram úr áætlunum í opinberum verkframkvæmdun, lítið er um stöðlun og töluvert svigrúm er til bætingar. Í rannsókn Helga Þórs Ingasonar o.fl. kom í ljós að þroski verkefnastjórnunar mældist mjög lágur í opinbera geiranum þar sem hið opinbera hefur ekki ýtt á eftir því að innleiða verkefnastjórnun þó það hafi verið gert í nágrannaríkjum. VSF gæti spilað mikilvægt hlutverk í að koma fagstéttinni á framfæri, t.d. með því að stuðla að virkum samræðum um fagstéttina og þeirri siðfræðilegri ábyrgð sem vottaðir einstaklingar og meðlimir í félaginu hafa, sem og að stuðla að opnum samræðum í samfélaginu um verkefnastjórnun (Helgi Þór Ingason o.fl., e.d.).

2.4 Hvað hefur verið skoðað?

Í lokaverkefni við Háskólann í Reykjavík árið 2014 skoðuðu Helga Guðmundsdóttir og Guðlaug Stella Jónsdóttir starfsauglýsingar fyrir verkefnastjóra á Íslandi og hvaða kröfur voru gerðar um menntun og hæfni í þeim. Þær skoðuðu starfsauglýsingar árin 2007, 2012 og 2013. Rannsóknin sýndi að kröfur um menntun í verkefnastjórnun í starfsauglýsingum höfðu aukist lítilllega milli ára. Ekki eru gerðar miklar kröfur um reynslu og menntun í stjórnun sem bendir til þess að í mörgum tilfellum er í raun verið að leita að sérfræðingum eða háskólamenntuðu fólki og ekki um hefðbundið verkefnastjórnunarstarf að ræða (Helga Guðmundsdóttir og Guðlaug Stella Jónsdóttir, 2014).

Áður hafði Unnur Ágústsdóttir skoðað hvaða kröfur gerðar voru til verkefnastjóra við ráðningar í lokaverkefni sínu við Háskóla Íslands árið 2007. Í ljós kom að mjög sjaldan var óskað eftir vottuðum verkefnastjórum sem og menntunar í verkefnastjórnun. Mun oftar var

óskað eftir reynslu í starfsauglýsingunum og sjaldan eftir þekkingu (Unnur Ágústsdóttir, 2007). Ljóst er að 11 ár hafa liðið síðan rannsóknin var gerð og er hún því á einhvern hátt myndbirting á ástandi sem var 2007 og mögulega hefur staðan breyst síðan þá.

Í nýlegu lokaverkefni Maríu Bjarkar Gunnarsdóttur skoðaði hún viðhorf til náms í verkefnastjórnun og hæfni nýútskrifaðra og óreyndra verkefnastjóra. Niðurstöður leiddu í ljós að þátttakendur rannsóknarinnar höfðu mjög góða reynslu af samstarfi við nýútskrifaða, óreynda verkefnastjóra og þeir sem klárað höfðu nám í verkefnastjórnun voru ánægðir með námið. Jafnframt kom í ljós að reynsla er mikilvægur þáttur í hæfniþróun verkefnastjóra (María Björk Gunnarsdóttir, 2018).

Í lokaverkefni Lindu Bjarkar Hávarðardóttur skoðaði hún meðal annars hver veruleiki í vottun verkefnastjóra væri og í ljós kom að margir af vottuðu viðmælendunum töldu sjálfskoðunina sem felst í vottunarferlinu vera gott tækifæri og hún geri þá að verðmætari og gagnlegri starfskrafti. Einnig kom í ljós að óvottaðir aðilar áttuðu sig ekki á hversu mikil sjálfskoðun er hluti af hærri vottunarstigunum. Þeirra skilningur var að vottunin fæli í sér eitthvað skjal sem hefði í raun enga merkingu fyrir utan það að sýna hvað viðkomandi hafi starfað við og stærð verkefnanna sem þeir hafi stýrt. Vottuðum verkefnastjórum fannst að skilgreina mætti betur þá sem eru vottaðir eða hafa menntun í verkefnastjórum frá þeim sem ekki hafa þann bakgrunn. Flestir viðmælendur mátu það sem svo að starfsheitið verkefnastjóri væri notað of mikið og að mörgu leyti sé búið að gjaldfella orðið verkefnastjóri. Ekki voru allir í rannsókninni sammála um hvort vinna ætti í því að breyta notkun orðsins. Margir viðmælendanna töldu rétt að ráðast í lögverndun starfsheitisins. Vonir viðmælenda standa til þess að með tímanum fái orðið verkefnastjóri meira vægi sem eiginlegur verkefnastjóri en framtíðin verði að leiða í ljós hvort það þurfi að breyta starfsheitinu í faglegan verkefnastjóra, verkefnalóðs eða verkefnasérfræðing (Linda Björk Hávarðardóttir, 2018).

Í doktorsverkefni Þórðar Víkings Friðgeirssonar kemur fram að það eru allt að 90% líkur á að stærri opinber verkefni fari fram úr kostnaðaráætlun hér á landi. Vöntun er á stjórnunarlegu skipulagi sem veldur því að líkur eru á kostnaði yfir áætlun og er það truflandi fyrir almenning (Þórður Víkingur Friðgeirsson, 2015).

3. AÐFERÐAFRÆÐI

3.1. Eigindleg viðtöl

Í rannsókninni var notast við eigindlega aðferðafræði og einstaklingsviðtöl voru notuð sem gagnasöfnunaraðferð. Viðtöl henta vel þegar t.d. á að skoða viðhorf og þekkingu og þau ætti að nota þegar þau eru talin vera besta aðferðin til að svara rannsóknarspurningum rannsóknarinnar. Rannsóknargögnin eru því orð rannsakanda og viðmælenda sem er svo umbreytt í texta þegar unnið er úr gögnum. Viðtölin byggja á samræðum þar sem rannsakandi hefur valið umræðuefni fyrirfram en áherslur eru ekki valdar fyrirfram. Viðtöl eru mismunandi milli viðmælenda og innihald viðtals getur verið breytilegt en viðfangsefnið það sama (Helga Jónsdóttir, 2013). Viðtöl þóttu hentug aðferð í rannsókninni til að fá dýpri skilning á viðfangsefninu frá viðmælendum.

3.2. Val viðmælenda og val spurninga

Við val viðmælenda sem og mótun spurninga fyrir viðtalið voru notuð gögn úr vinnustofum frá Degi verkefnastjórnunar vorið 2017 annars vegar og hins vegar gögn úr kennslustund nema í MPM námi í HR árið 2017. Í báðum tilvikum var svokölluð „world café“ aðferð notuð sem

gengur út á að virkja alla þátttakendur til að vera með í að ræða tilteknar vel skilgreindar spurningar. Á Degi verkefnastjórnunar var spurt hver væru helstu rök með og á móti því að fá starfsheitið verkefnisstjóri lögverndað á Íslandi. Í kennslustundinni var spurt hverjir væru kostir og gallar þess að lögvernda starfsheitið verkefnastjóri á Íslandi. Þau atriði sem nefnd voru á vinnustofunum voru skoðuð og listi yfir mögulega viðmælendur með þessi atriði í huga var útbúinn. Þannig valdist inn þýði í rannsóknina sem voru fulltrúar ýmissa sjónarhorna en það styrkir rannsóknina og gefur okkur viðtækan skilning á efninu. Viðmælendur fyrir sjónarhorn varðandi verkefnastjóra voru tveir kennarar við tækni – og verkfræðisvið Háskólans í Reykjavík, fulltrúi frá Verkefnastjórnunarfélagi Íslands auk tveggja reynslumikilla verkefnastjóra með mismunandi bakgrunn. Einnig þótti gott að fá sjónarhorn ráðningarfyrirtækis á Íslandi og Verkfræðingafélagsins. Mikilvægt þótti að eiga samskipti við Atvinnuvega – og nýsköpunarmálaráðuneytið sem sér um löggildingarmál ýmissa starfsgreina. Að síðustu má nefna fulltrúa frá APM til að ræða um áður nefnda löggildinguna breskra verkefnastjóra.

3.3 Úrtaksgerð

Aðferðafræðinni sem var beitt heitir úrtaksgerð eftir hentugleika (e. convenience sampling) þar sem þátttakendur sem eru auðveldlega aðgengilegir þeim sem rannsakar og/eða í nálægð við rannsakanda eru valdir. Kostir þessarar aðferðar eru að hún er auðveld, fljótleg og ódýr. Gallarnir eru hins vegar að niðurstöður sem fást sýna alhæfingargildi einungis á þann hóp sem var rannsakaður og erfitt er að greina muninn á milli mismunandi félags- og lýðfræðilegs bakgrunns undirhópa (Bornstein, Jager og Putnick, 2013).

3.4 Viðmælendur

Viðmælendur voru níu talsins og þar af voru tekin sjö viðtöl í eigin persónu og tvö símaviðtöl. Öll viðtölin voru hljóðrituð að fengnu samþykki viðmælenda nema eitt símaviðtal sem ekki var hljóðritað en í því tilviki voru nótur úr viðtali sendar á viðmælenda til samþykktar. Viðmælendur voru upplýstir um að nöfn þeirra yrðu ekki birt í rannsókninni. Viðtölin voru svo skrifuð upp í heild sinni og unnið úr þeim jafnóðum. Niðurstöður voru settar upp eftir viðfangsefni og aðalatriði tekin saman. Þess ber að geta að einnig var haft samband við tvo einstaklinga og samskipti við þá voru með tölvupósti. Rannsakandi lagði mikla áherslu á að spyrja opinna spurninga, nota virka hlustun og sýna viðmælendum virðingu. Öll viðtölin fóru fram á íslensku nema eitt, sem fór fram á ensku. Af þeim viðmælendum sem viðtöl voru tekin við voru sex karlmenn og þrjár konur. Tveir viðmælendanna höfðu MPM gráður og fjórir höfðu IPMA vottun (B eða C) auk þriggja viðmælenda sem voru með annars konar vottun/menntun í verkefnastjórnun. Viðtölin fóru fram 3.-13. apríl 2018 og lengd þeirra var á bilinu tuttugu mínútur til ein klukkustund. Sumir höfðu viðamikla reynslu í verkefnastjórnun og aðrir voru valdir vegna annarrar sérfræðipækkingar.

4. NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður „world café“ vinnustofunnar sem verkefnastjórar og nemendur í verkefnastjórnun unnu, má sjá hér að neðan á mynd 1 og 2. Á mynd 1 má sjá þau atriði sem komu upp sem rök með því að fá starfsheitið verkefnastjóri lögverndað á Íslandi og hverjir kostir þess væru.



Mynd 1: Hugarkort með þeim atriðum sem nefnd voru sem kostir eða rök með því að lögvernda starfsheitið verkefnastjóri.

Sem dæmi um kosti eða rök með því að fá starfsheitið verkefnastjóri lögverndað var gæðatrygging, fagstétt með siðareglur, eftirlit með faginu, fagmennska, forgangur varðandi vinnu, stöðlun, alþjóðlegt, titillinn meira lýsandi og trygging fyrir þekkingu.

Á mynd 2 má sjá þau atriði sem komu upp sem rök á móti því að fá starfsheitið verkefnastjóri lögverndað á Íslandi og hverjir gallar þess væru.



Mynd 2: Hugarkort með þeim atriðum sem nefnd voru sem gallar eða rök á móti því að lögvernda starfsheitið verkefnastjóri.

Þau atriði sem nefnd voru sem gallar eða rök á móti því að lögvernda starfsheitið verkefnastjóri voru t.d. kostnaður, minni sveigjanleiki, bætir litlu við vottun, ábyrgð, þarft að viðhalda/endurmenntun og ógn við minni fyrirtæki. Einnig skilaði vinnustofan hugrenningum

um hvort það væri nægur þroski til staðar í verkefnastjórnun, hvernig eftirlit væri tryggt, auknar kröfur um gæði/þekkingu og hvort þyrfti kannski nýtt heiti.

Val viðmælenda var mótað með þetta í huga eins og áður hefur komið fram og einnig voru spurningar að hluta til mótaðar út frá þessum atriðum. Hér á eftir verða tilteknar helstu niðurstöður viðtalanna.

4.1. Viðtöl

Viðmælendur rannsóknarinnar tóku því vel að koma í viðtal en þess ber að geta að reynt var að fá fulltrúa verkefnastjórnunarnámsins í Háskóla Íslands í rannsóknina en það gekk ekki eftir í tæka tíð. Viðtölin þar sem sameiginlegar spurningar voru spurðar eru sett saman í einn kafla og í köflunum þar á eftir verður dregin saman niðurstaða úr viðtölum við ýmsa sérfræðinga á sínu sviði. Til einföldunar voru viðmælendum gefin númer.

4.1.1 Myndi löggilding starfsheitisins verkefnastjóri breyta einhverju?

Viðmælendur númer 1 og 8 nefndu að það myndi skýra hverjir mættu kalla sig verkefnastjóra og hverjir ekki. Í viðtölum við þessa aðila kom einnig fram að þetta myndi setja skorður á fyrirtæki og stofnanir að auglýsa eftir starfskrafti í stöður sem eru ekki eiginleg verkefnastjórnunarstörf. Viðmælandi 8 nefndi líka að það skipti máli hver myndi fylgja þessu eftir. Viðmælandi 4 var ekki viss um að þetta myndi breyta einhverju en nefndi að hann sæi þetta vandamál með starfsauglýsingarnar og sagði að það væri ekki sanngjarnt en hann nefndi að hann vissi ekki hvort þetta væri viðvarandi vandamál eða eitthvað sem myndi leysast sjálfu sér með aukinni vitund um verkefnastjórnun og meiri verkefnaþroska. Viðmælandi 3 nefndi að það hefði sennilega í för með sér að mikilvægi starfsins myndi breytast. Þetta myndi auka virðingu, ábyrgð og öryggi. Skýr skilaboð að „við ráðum ekki aðila í þetta starf nema sem er búinn að ljúka þessu námi, þá erum við að tryggja rétt og góð vinnubrögð“ og þess vegna myndi það auka áhrifamátt. Viðmælandi 5 sagði: „...ef vel er að verki staðið að þá ætti hún að styrkja faglega ímynd þeirra sem að búa yfir þekkingu, færni og hæfni til þess að beita faglegri verkefnisstjórnun.“ Hægt væri að koma í veg fyrir að fólk notaði titilinn um eitthvað sem ekki væri verkefnastjórnun og þá væri hægt að spyrja viðkomandi hvort hann væri löggiltur verkefnastjóri. Einnig nefndi hann að það væri mjög mikil aðgerð að ætla að banna fólk að nota orðið og að orðið væri dálítið víðtækt. Viðmælandi 6 nefndi að ef löggilding starfsheitisins verkefnastjóri yrði að veruleika þá myndi þurfa ákvæði í samninga um að viðkomandi ábyrgðaaðili kunni til verks hvað varðar undirbúning, framkvæmd, eftirfylgni og utanumhald. Það muni auka verulega líkur á að kostnaður haldist innan ramma, komi í veg fyrir gæðavandamál og fleira. Verkefni verða flóknari og flóknari og það er viðurkennt að eftir því sem að þekking þeirra sem stjórna verkefninu er meiri þá séu auknar líkur á árangri. Í tilfelli opinbera geirans séu gífulegir hagsmunir í húfi með skattfé og það sé fráleitt að 9 af hverjum 10 stærri verkefnum fari fram úr kostnaði, það sé gríðarlegar upphæðir. Ríkið gerir engar kröfur umfram aðra um hvernig verkefni er undirbúið, stjórnað eða framkvæmt og það sé vandamálið.

Viðmælendur koma hér fram með ýmis sjónarhorn á það hverju löggilding myndi breyta, hvað varðar fagmennsku, notkun heitisins verkefnastjóri, áhrif á velgengni verkefna og þá gífurlegu hagsmunir sem eru oft á tíðum í húfi þegar um verkefni er að ræða.

4.1.2 Hverju myndi löggilding bæta við IPMA vottun sem er nú þegar í boði?

Viðmælandi 1 kom inn á að löggilding starfsheitisins verkefnastjóri myndi styrkja IPMA vottunina sem nú er í boði og þetta tvennt ætti mögulega að vera tengt á einhvern máta. Í viðtali við viðmælanda 8 kom fram að IPMA vottunin væri ekki nógu þekkt og með löggildingu væri

Þetta sett í lög og ef þú segðist vera einhver sem þú ert ekki værirðu að brjóta lög sem er ekki tilfelli vottunarinnar. Viðmælendur 5 og 6 bentu á að með löggildingu ætti ríkisvaldið hlut að máli sem er ekki raunin þegar um IPMA vottanirnar eru að ræða og í vottuninum fælist ekkert lagalegt gildi. Annar þeirra velti því upp hvort það væri til hins betra, hvort betur væri hægt að treysta þeim aðila sem hefur hlotið vottun ríkisins en þeim sem vottaður er af frjálsum félagasamtökum. Hinn nefndi að ríkið eða opinberir aðilar þyrftu með góðu fordæmi að gefa út lágmarks viðmið, um hvað við eigum við með starfsheitinu verkefnastjóri t.d. með löggildingu líkt og ríkið hefur gefið út hvað átt er við með því að vera verkfræðingur. Hann nefndi að einnig væri möguleiki að stjórnvísun vitnaði í IPMA vottanir, líkt og gert er í Noregi. Gott fyrirkomulag væri tenging milli hagsmunasamtaka eins og IPMA og stjórnvísunnar og vægi IPMA sé minna meðan ekkert samband sé á milli þeirra sem hafa peningana og þeirra sem skilgreina þessa atvinnugrein. Í viðtali við viðmælenda 4 kom fram að hann var ekki viss um að löggilding starfsheitisins myndi bæta miklu við IPMA vottunina en það gæti verið. Hann nefndi að sér fyndist vanta einhverjar siðareglur til að greinin gæti talist faggrein.

Samkvæmt þessu fannst flestum viðmælendum talsverður munur vera á IPMA vottunum og löggildingu starfsheitisins. IPMA vottun er skilgreind af einkaaðila en með löggildingu starfsheitisins tæki löggjafinn afstöðu til þess hvað teldist vera verkefnastjóri og brot á þeirri notkun varðaði lög.

4.1.3 Hverjir eru kostir þess að löggilda starfsheitið verkefnastjóri?

Viðmælandi 1 tók svona til orða: „...að þú sért ekki eða fyrirtækið sé ekki að búa til einhverjar verkefnastjórnastöður út úr einhverju sem að er í rauninni bara eitthvað annað.“ Viðmælandi 8 tók í svipaðan streng og sagði:

...fyrsta lagi, atvinnurekendur sem eru að auglýsa eftir starfsfólki fari að virða það að þegar að þau auglýsa eftir einhverjum sem á að heita verkefnastjóri að þá er það ekki sá sem ljósritar og sækir kaffið.... það er einhver sem virkilega stýrir verkefnum og er með fólk með sér í því sem að líka vinnur....

Þetta myndi færa vinnulagið upp á ákveðinn stall og því fylgi ákveðinn staða. Viðmælandi 5 taldi að þetta myndi styrkja sjálfsmyndina en það færi allt eftir því hvernig að þessu yrði staðið. Ef þetta er vel gert þá ætti sá sem ræður verkefnastjórnann í vinnu að geta treyst því að unnið verði eftir einhverju vel skilgreindu sem er stimplað af ríkinu. Að auki sagði hann: „...við eigum að höfða til siðferðiskenndar og fagmennsku einstaklingsins og einhvers konar samfélags fagmannanna frekar en að vera upptekin af því að embættismannakerfið eða ... ríkisvaldið stimpli það.“ Viðmælandi 4 nefndi að þetta gæti virkað sem ákveðin gæðatrygging fyrir viðskiptavininn og að hann gæti þá gengið að ákveðinni þekkingu og reynslu vísun hjá viðkomandi aðila. Viðmælandi tók í sama streng og aðrir um atvinnurekendur og auglýsingar. Einnig fengi verkefnastjórnun mögulega meiri virðingarsess innan samfélagsins. Viðmælandi 6 sagði kostina hafa komið fram í öðru svari.

Kostina sáu viðmælendur því aðallega vera að starfsheitið væri notað fyrir þá sem væru að vinna verkefnastjórnunarstörf. Einnig kom fram að þá væri hægt að treysta á ákveðna þekkingu hjá viðkomandi og væri ákveðin gæðatrygging fyrir viðskiptavininn.

4.1.4 Hverjir eru gallar þess að löggilda starfsheitið verkefnastjóri?

Viðmælandi 1 var ekki viss hvort einhverjir gallar fylgdu því að taka upp löggildingu á starfsheitinu verkefnastjóri. Viðmælandi 8 nefndi að þessu fylgdi kannski umsýslukostnaður sem einhver þyrfti að greiða. Einnig gætu orðið deilur milli þeirra sem hlotið hafa menntun í verkefnastjórnun en hafi enga reynslu og svo myndi löggildingin byggja á reynslu. Það verði að passa að gjaldfella þetta ekki. Það væri skrítið ef að þeir sem eru vottaðir með C vottun eða

hærra fengju svo ekki löggildingu. Viðmælandi 5 benti á að gallarnir gætu verið að það yrði að vera ljóst hvaða aðilum þú þyrftir að hafna. Viðmælandi 6 sá enga sérstaka galla nema mögulega frelsið, en að frelsið virki best þegar það er skipulag, ábyrgð og skuldbinding. Sem mögulegan galla sá viðmælandi 4 fyrir sér að ef þetta yrði illa útfært og of auðvelt að fá löggildinguna yrði orðið svolítið merkingarlaust. Ef af verður þarf að gæta þess að útfærslan sé vönduð.

Kostnaður og deilur komu fram meðal viðmælenda þegar gallarnir voru ræddir. Einnig að það þyrfti að skilgreina hverjum ætti að hafna og að útfærslan þyrfti að vera vönduð.

4.1.5 Hvaða starfsheiti yrði löggilt? Verkefnastjóri eða eitthvað annað? (Bretar nota project professional)?

Viðmælendur 1 og 6 höfðu ekki skoðun á þessu. Viðmælandi 8 nefndi löggiltur verkefnastjóri og viðmælandi 5 faglegur verkefnastjóri, verkefnafræðingur, viskufræðingur. Viðmælandi 4 sagði að það gæti tekið tíma að vinda ofan af því að verkefnastjóri er oft misnotað orð og svolítið útjaskað og því gæti það haft marga kosti í för með sér ef annað gott heiti myndist og yrði notað.

4.1.6 Hvaða áhrif sérðu fyrir þér að löggilding starfsheitisins hefði á samfélagið í heild?

Sumir viðmælendanna voru spurðir að þessu. Viðmælandi 1 sá ekki fyrir sér nein bein áhrif á samfélagið í heild. Frekar á MPM félagið og Verkefnastjórnunarfélagið og svo á verkefnastjóra. Viðmælandi 8 taldi að þetta hefði frekar áhrif á verkefnastjóra og atvinnurekendur og var ekki viss hvort þetta hefði áhrif á samfélagið. Sagðist almennt vera á þeirri skoðun að það hefði góð áhrif á samfélagið að fá fleiri menntaða verkefnastjóra og fólk með reynslu út í samfélagið hvort sem það væri með löggilt starfsheiti eða ekki. Viðmælandi 4 sagðist halda að þetta gæti haft mjög góð áhrif. Gæti lyft verkefnastjórnun upp sem stjórnunaraðferð, vakið athygli á henni og haft áhrif á framgang, þekkingu og vitund á faginu í samfélaginu. Það ylti þó svolítið líka á hvernig þetta væri gert og einnig á nafnavalinu. Viðmælandi 6 nefndi að um leið og ríkið gengi á undan með góðu fordæmi og gæfi út ákveðið vinnulag þá hefur það áhrif á ímynd. Einnig hefði það þau áhrif að þá hefði fólkið, sem velst til þessara ábyrgðastarfa þar sem miklir fjármunir eru í húfi, gengið í gegnum nám og það sé staðfest að það kunni til verka og þannig myndi það hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Aðspurður hvort það hlytist einhver kostnaður fyrir samfélagið að gera þetta ekki þá sagði viðmælandi: „... það er dýrt að gera hlutina ekki nógu vel.“

Skiptar skoðanir voru um áhrif á samfélagið meðal viðmælenda. Sumir töldu þetta hafa engin áhrif á samfélagið í heild, einungis á nærsamfélag verkefnastjóra. Menntun og reynsla hefðu vissulega góð áhrif á samfélagið almennt. Einnig að þetta myndi hafa góð áhrif og vekja athygli á faginu og miklir fjármunir væru oft í húfi og því þyrfti að velja vel í þessi ábyrgðarstörf og það sé kostnaðarsamt að gera hlutina illa.

4.1.7 Hversu mikilvægt eða ekki mikilvægt finnst þér að gera starfsheitið verkefnastjóri löggilt? Hvers vegna?

Viðmælenda 1 fannst þetta nokkuð mikilvægt helst vegna áðurnefndra starfsauglýsinga. Viðmælandi 6 taldi það mikilvægt að gera starfsheitið löggilt. Viðmælandi 4 var tvístígandi hversu mikilvægt þetta væri, hann sái fleiri kosti en galla og sagðist vera þeirrar skoðunar að það væri mikilvægara að gera þetta en að gera þetta ekki en það ylti svolítið á útfærslunni á þessu og hvað fælist í þessu. Viðmælenda 5 fannst þetta ekkert endilega svo mikilvægt en það væri mikilvægt ef að það myndi styðja við faglega sjálfsmynd þess hóps sem kann til verka. Ákveðið frelsi fælist í að hafa ekki löggildingu á starfsheitinu. En það gæti verið valdeflandi

að gera þetta löggilt og styðja þannig við marga í starfi. Viðmælanda 8 fannst hann ekki getað svarað spurningunni þar sem honum fannst þurfa að skoða málið betur og ræða um málefnið. Vottunin væri hálf leið en það þyrfti að nota hana meira og auglýsa eftir vottuðu starsfólki en þekking á verkefnastjórnun væri að aukast hjá hinum upplýsta almenningi eftir því sem fleiri útskrifuðust. Viðmælandi 7 var spurður hvað honum fyndist um hugmyndir um löggildingu starfsheitisins verkefnastjóri. Hann svaraði því til að byggt á þeim forsendum sem hann hefði væri hann mjög hlynntur því að löggilda starfsheitið verkefnastjóri en vert er að taka fram að hann sagðist ekki þekkja nógu vel inn á þetta. Viðmælandi 3 sagðist skilja þessa vegferð fyrir stór samfélög og væri mikilvægt þar en velti upp þeirri spurningu hvort Ísland og vinnumarkaðurinn hér væri mögulega of lítill. Einnig hvort verkefnastjórnunarnám væri ólíkt öðru stjórnendanámi. Viðmælandi nefndi einhverja millileið eða þróunarleið. Ef gengið yrði alla leið gæti það komið sér illa fyrir minni fyrirtækin í samkeppni við stærri fyrirtækin.

Af þeim sjö viðmælendum sem spurðir voru ofangreindrar spurningar voru fjórir þeirra á þeirri skoðun að þetta væri mikilvægt eða voru hlynntur því að fara þessa leið, tveir töldu þetta ekki mikilvægt og einn hafði ekki skoðun.

4.1.8 Hver væru næstu skref í áttina að löggildingu?

Nokkrir viðmælendur höfðu tillögur að næstu skrefum í áttina að löggildingu. Viðmælandi 6 nefndi að þeir sem ættu einhverra hagsmuna að gæta þyrftu að búa til þrýstihóp og vekja athygli á þessu hjá löggjafarvaldinu. Viðmælandi 8 sagði að það þyrfti að skoða hvers vegna Bretarnir fóru í þetta, reynslan hjá þeim sé stutt og við þurfum að fylgjast með hvaða máli þetta skiptir. Ekki væri nóg að tala við APM heldur þyrfti að tala við hlutlausan aðila líka. Viðmælandi 5 sagði að gaman væri að halda þing og fá aðila sem málið varðar saman og ræða málið opið. Fá kannski fyrirlestur frá Bretum um þeirra reynslu og frá starfsstéttum sem hafa reynslu í þessum málum og læra af þessum aðilum. Viðmælandi 4 sá fyrir sér að mynda starfshóp, með aðilum úr háskólasamfélaginu, atvinnulífinu og VSF til að skoða þetta og kanna hvernig aðrir hafa gert þetta og hvaða leið var farin. Ekki væri víst hvaða ráðuneyti þetta myndi tilheyra. Einnig væri gagnlegt að skoða hvar aðrar þjóðir standi í þessum málum, t.d. Norðurlandþjóðirnar.

Viðmælendur höfðu ýmsar góðar hugmyndir um næstu skref en þegar á heildina er litið virðist næsta skref að skoða hvað aðrar stéttir hafa gert og skoða hvað aðrar þjóðir, svo sem Bretar og hinar Norðurlandþjóðirnar, hafa gert í þessum málefnum. Hægt væri að boða til þings eða mynda starfshóp og hagsmunaaðilar þyrftu að mynda þrýstihóp og ræða við löggjafarvaldið um þessi mál.

4.1.9 Ef löggilding starfsheitisins væri tekin upp, hvernig sérðu fyrir þér að kríteriurnar yrðu? Hvað þyrfti fólk að sýna fram á til að fá löggildingu?

Sex viðmælandanna voru spurðir þessarar spurningar. Viðmælandi 1 sagði það vera spurningu hvaða menntun væri við hæfi, hvort styttri námsbrautin væri nóg eða mastersgráða, IPMA vottun af stigi C eða samsvarandi vottanir eins og ameríska kerfið eða Prince vottanir. Hann taldi að það væri menntun eða þekking sem þyrfti að hafa og geta sannað. Viðmælandi 4 sagði að ekki dygði að sýna fram á eingöngu þekkingu heldur einnig einhverja reynslu á þessu sviði líkt og verið er að prófa í vottununum og mögulega gæti þetta tvinnast eitthvað saman. Viðmælandi 8 tók í svipaða strengi og nefndi grundvallarþekkingu og reynslu á verkefnastjórnun og vottunin væri því nærtæk. Einnig velti hann upp hvað sú reynsla ætti að vera löng og hvort það þyrfti endurvottun til að halda löggildingu. Ef af yrði, þyrfti að fara í markaðsstarf og auglýsingar. Einnig þyrfti að svara spurningum eins og hvort þetta væri kjaramál og fæli í sér launahækkun eða hvað. Viðmælandi 6 nefndi að verkefnastjórnun væri fræðasvið sem fæli í sér menntun sem þyrfti að liggja til grundvallar sem skilyrði fyrir

löggildingu, reynslan kemur og er áunnin. Viðmælandi 5 hafði áður nefnt að halda mætti þing og það væri áhugavert að skoða hvað kæmi út úr því. Nefndi hann einnig að til væru verkefnastjórnunarstaðlar og vottanir (t.d. IPMA, PRINCE2, PMI, APM, ISO) að mögulega væri hægt að byggja á þessum atriðum. Ein leið væri að hafa próf og önnur að gera æfingar eða mögulega vísa í reynslu og hver væri það sem kæmi til með að dæma þetta. Áður hafði viðmælandi nefnt að þeir sem hafi klárað MPM námið ættu að geta tekið löggildingarpróf eða sýnt fram á getuna og löggildingarpróf ætti að vera eitthvað lágmarksskilyrði. Í náminu fælist miklu meira en að ná slíku prófi. Það er ekki rétt nálgun að gera þetta til að tryggja hagsmuni útskrifaðra MPM nema. Hægt væri að sjá fyrir sér sérhæfingu í verkefnastjórnun, til að mynda í byggingarbransanum og tölvugeiranum, svo eitthvað sé nefnt. Með lögum um þetta myndi ráðuneyti fela fagfélagi að setja siðareglur. Viðmælandi 3 var spurður hvort MPM nám væri nóg eða hvort það þyrfti próf eða að sýna fram á einhverja reynslu til að meta hvort viðkomandi aðili sé hæfur verkefnastjóri. Viðmælandi taldi að ef farið yrði út í þetta yrði væntanlega ekki sátt um það nema það væri einhvers konar próf eða þú hefðir unnið í verkefnum af einhverjum stærðargráðum og eitthvað skilyrt viðmið. Gæti t.d. verið verkefni sem viðkomandi þyrfti að vinna eða að hann tilheyrði einhverju viðurkenndu fyrirtæki í einhverju verkefni þar sem hægt væri að leggja mat á þetta.

Áherslur viðmælendanna voru misjafnar hvað þetta varðar en ljóst að reynsla skiptir þá flesta miklu máli. Einhverja þekkingu og reynslu þyrfti til en álitamál hvernig þetta yrði útfært og einnig hvaða reynsla væri lágmarksreynsla. Löggildingin gæti verið metin með prófi, verkefni eða einhverju mati sem myndi þurfa að sýna fram á. Einnig er spurning hvaða nám ætti að vera lágmarkskrafa, þekking sem væri áunnin, styttri námsbrautirnar eða mastersnám í háskólum landsins. Einn viðmælendanna nefndi að þar sem verkefnastjórnun sé fræðasvið þyrfti alltaf eitthvað nám að liggja að baki.

4.2 Viðtal við fulltrúa Verkefnastjórnunarfélagsins

Í viðtali við fulltrúa frá Verkefnastjórnunarfélaginu kom fram að fyrst þyrfti að spyrja sig að því hver tilgangurinn með löggildingu væri og hvern væri verið að vernda. Hér hefði umræðan verið að vernda þá sem starfa við eða hafa menntun eða vottun í verkefnastjórnun en hjá Bretunum virki þetta í hina áttina. Þetta sé einhvers konar gæðatrygging fyrir þá sem eru að kaupa eða fá þjónustu. Mikið væri að breytast í verkefnastjórnunarsamfélaginu, til að mynda hjá IPMA með útgáfu á ICB 4 og að þetta sé að verða margslungnara og að verkefnastjóri er ekki lengur bara verkefnastjóri og þetta er að víkka út. Ásókn í vottanir hefur farið minnkandi í mörgum löndum og í sumum löndum er vottunin að þróast út í Agile aðferðafræði. Fram kom að engin markviss vinna hefur verið í gangi hjá VSF varðandi þann möguleika á að löggilda starfsheitið verkefnastjóri. Félagið hefur þó reynt að halda umræðunni á lofti og rætt málefnið á fræðslufundum eða ráðstefnum og sent út upplýsingar til ráðningarskrifstofa og upplýst um verkefnastjórnun. Hann sá fyrir sér að aðkoma VSF að löggildingarmálefnum væri mögulega sem hluti af starfshóp sem gerir tillögu um útfærslu. Ef af þessu yrði væri aðkoma félagsins þá í formi upplýsingamiðlunar og kynningar til aðila í félaginu og reynt yrði að halda þessu á lofti t.d. á ráðstefnum og víðar. Aðspurður um hvaða áhrif löggilding starfsheitisins myndi hafa á siðareglur fyrir starfsstéttina sagði hann það geta orðið til þess að það að taka upp löggildingu starfsheitisins verkefnastjóri fylgdu siðareglur, þ.e. hvernig maður hagi sér sem verkefnastjóri og festa þannig í sessi siðareglur fyrir verkefnastjóra.

4.3 Viðtal við fulltrúa Verkfræðingafélagsins

Í viðtali við fulltrúa frá Verkfræðingafélaginu (VFÍ) kom fram að stjórnvaldið, að frumkvæði Verkfræðingafélagsins, setji reglur um starfsheitið verkfræðingur og hverjir megi nota það. Þessar reglur byggja á samsetningu námsins í verkfræði og sérstaklega þarf að sækja um að fá

að nota starfsheitið. Allar umsóknir eru skoðaðar og VFÍ veitir hverri umsókn umsögn og ráðherra staðfestir þær svo. Mannvirkjalög voru þannig að VFÍ var umsagnaraðili um löggildingu mannvirkjahönnuða en lögnum var breytt fyrir u.þ.b. 10 árum og nú gefur Mannvirkjastofnun út þessi löggildingarleyfi mannvirkjahönnuða sem mega þá skrifa upp á teikningar og skila inn til byggingarfulltrúa. Til að öðlast leyfið verður að hafa starfsreynslu á ákveðnum sviðum og viðkomandi verður að vera kominn með starfsheitið verkfræðingur, tæknifræðingur, byggingarfræðingur eða arkitekt. Viðmælandi sagðist hafa unnið í að fá starfsheitið tölvunarfræðingur löggilt árið 2003 og starfsheitinu var bætt inn á listann í Lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni - og hönnunargreinum. Ráðuneytið óskaði eftir því að allir sem lykju prófi á Íslandi í tölvunarfræði fengju lögverndaða starfsheitið tölvunarfræðingur sjálfkrafa líkt og á við um viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Kostnaður sem fellur til fyrir VFÍ vegna löggildingar er í formi vinnu sem ekki er greitt sérstaklega fyrir, félagsmenn einungis greiða félagsgjald en stjórnvaldið tekur lágt gjald fyrir umsóknina. VFÍ skoðar hvort pappírar séu fullnægjandi og skoða sundurliðað prófskíreini þar sem kemur fram hvaða námskeiðum er lokið, próftitill og útskriftargráða. Þetta þarf allt að vera í samræmi við reglur til þess að hægt sé að senda ráðuneytinu jákvæða umsögn og ráðuneytið gefur svo út sjálft leyfið. VFÍ fær stundum ábendingar um misnotkun á orðinu verkfræðingur og er það stundum misskilningur, t.d. þýðingavillur en getur líka verið einbeittur brotavilji. Eftirlit félagsins felst aðallega í að skoða þessar ábendingar. Viðmælandi minntist þess ekki að einhver félagsmaður hefði verið sviptur titlinum verkfræðingur en mögulega hefði slíkt gerst í tilfelli mannvirkjahönnuða. Annað eftirlit þeirra felst í að háskólarnir hafi samband ef þeir ætla að taka upp nýja námslínu og VFÍ fer óformlega yfir það og gefur sinn gæðastimpil á hana og eru þar með að segja að nemendur sem útskrifast þaðan geta verið vissir um að geta fengið starfsheitið verkfræðingur. Löggildingin gildir fyrir starfsheitið verkfræðingur en ekki niður á undirtegundir verkfræðinnar. Siðareglur VFÍ eru þeirra siðareglur en tengjast ekki starfsheitinu. Viðmælandi nefndi að félagið hefði veitt þingsályktunartillögu um að auka kröfur um verkefnastýringu í opinberar framkvæmdir jákvæða umsögn. í tilfelli ríkisins sem verkkaupa þyrfti það að fara á undan með góðu fordæmi. Viðmælandi nefndi að stundum væru framsetningar á kostnaðaráætlunum ekki nógu vandaðar eða úthugsaðar.

Til samanburðar var haft samband við fulltrúa Lyfjafræðingafélags Íslands (LFÍ) með tölvupósti til að spyrja um aðkomu þeirra að veitingu starfsleyfa til lyfjafræðinga. Landlæknir sér alveg um veitingu starfsleyfa lyfjafræðinga og annarra heilbrigðisstétta og LFÍ kemur ekki að veitingu starfsleyfa lyfjafræðinga en landlæknir leitar áhlits hjá Lyfjafræðideild Háskóla Íslands við veitingu starfsleyfa og sérfræðileyfa í lyfjafræði. Enginn kostnaður fellur því á félagið vegna þessa og félagið sinnir engu eftirliti með löggildingu.

4.4 Viðtal við fulltrúa ráðningarfyrirtækis

Í viðtali við fulltrúa ráðningarfyrirtækis kom fram að fyrirtæki sem til þeirra leita eru almennt ekki meðvituð um hvað felst í starfsheitinu verkefnisstjóri og störfín sem þau vilja fá auglýst eru ekki endilega eiginleg verkefnastjórnunarstörf vegna þess að það eru of margir sem bera þetta heiti. Viðmælandi nefndi að eftir að námið fór á háskólastig þá hafi stærsta breytingin verið sú að einstaka sinnum er beðið sérstaklega um fólk með þessa menntun. Viðmælandi nefndi að skipurit fyrirtækja hafi blásið út á tímabili og starfsheiti hafi verið búin til og verkefnastjóri var til dæmis yfir litlum sem engum verkefnum heldur var þetta bara titill. Starfsfólk ráðningarfyrirtækisins hefur oft bent fyrirtækjum sem til þeirra leita og vilja ráða verkefnastjóra í stöðu sem væri ekki eiginleg verkefnastjórnunarstaða á það og er reyndin sú að viðskiptavinir þiggja leiðbeiningar og reynt er að hafa starfsauglýsinguna eins hnitmiðaða og lýsandi fyrir störfín eins og hægt er. Ef það er ekki gert þá lendar viðkomandi fyrirtæki í vandræðum því þá sækja alltof margir um sem uppfylla ekki kröfur. Þau hafa bent fyrirtækjum

á að nám í verkefnastjórnun á háskólastigi gæti verið skilyrði eða æskilegt. Einnig taka þau fram ef óskað er eftir einhvers konar vottunum. Þá væri verið að gera meira úr starfinu og senda skilaboð til umsækjenda sem þrengir hópinn og skilar betri umsækjendum. Varðandi almennt sjónarmið gagnvart löggildingu starfsheita taldi viðmælandi þetta snúast fyrst og fremst um starfið. Í sumum störfum þar sem mikil ábyrgð er ætti það að vera skilyrði eins og t.d. endurskoðendur. Um leið og þetta væri orðið lögskyld grein þá gerirðu kröfur og hefur ákveðin viðmið til að ganga út frá. Þegar MPM námið var nýtt lagði þessi ráðningarstofa sig eftir því að læra inn á námið og fá upplýsingar. Viðmælandi sagði að þau hefðu strax tekið eftir því að þetta væri mjög hagnýtt og praktískt nám. Það þyrfti að skoða hvaða þýðingu það hefur ef þetta starf er lögverndað, hvort það þýddi að aðili með aðra menntun gæti aldrei orðið verkefnastjóri þó hann hefði alla burði til þess. Viðmælandi sagði að persónuleiki og styrkleiki einstaklinga skipti miklu máli fyrir ábyrgðafulla og stóra verkefnastjórastöðu.

4.5 Viðtal við fulltrúa Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytisins

Haft var samband við starfsmenn sem sinna löggildingar-/lögverndunarmálum hjá Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytinu til að fá frekari upplýsingar um þessi mál í öðrum starfsgreinum sem og möguleika í tilfelli verkefnastjóra. Í þeim samskiptum kom fram að fljótt á titið sáu starfsmennirnir ekki að almannahagsmunir kræfust þess í tilfelli verkefnastjóra og vísuðu í 75. gr Stjórnarskrárinnar. Starfsmaðurinn nefndi að við fyrstu sýn væri ekki líklegt að starfsheitið verkefnastjóri gæti fallið undir lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni – og hönnunargreinum, nr 8/1996 og rökstuddi það með því að verkefnastjórnun virtist ekki vera tækni- eða hönnunargrein, þrátt fyrir að vera kennd við tækni- og verkfræðideild HR. Samkvæmt sínaviðtali við annan starfsmann ráðuneytisins kom fram að það væri meira en að segja það að löggilda starfsheiti og að í Evrópu væri verið að reyna falla frá því að löggilda en erfitt væri að taka löggildingu starfsheita af þeim sem eru nú þegar löggild. Starfsmaðurinn ráðlagði frekar að finna skapandi lausn þannig að ákveðnum staðli væri haldið fyrir viðkomandi stétt. Bókarar fóru þá leið að hafa próf sem gefur þeim rétt til að kalla sig viðurkennda bókara en það er ekki löggilding. Allir eigi þannig að geta fært bókhald en þeir vildu hins vegar setja staðalinn hátt og auka þekkingu og færni bókara. Löggiltir endurskoðendur árita reikningsskil og tryggja að þeir séu að vinna óháðir. Bera þeir persónulega ábyrgð og hafa starfsábyrgðatryggingu, þarna séu almannahagsmunir í húfi. Ráðuneytið vill frekar stýra í þá áttina að fagfélög setji inngönguskilyrði fyrir aðildarfélaga sem þýði að það sé ákveðin staða sem felist í því frekar en að löggilda starfsheiti. Þannig að til þess að verða félagi verður viðkomandi að vera með ákveðin viðmið og skuldbindur sig til þess að fara eftir lögum félagsins og ef hann stendur sig ekki gæti hann átt í hættu á að vera rekinn úr félaginu. Þannig skapaðist virði í því að vera aðili í fagfélaginu og leyfi til að nota nafn fagfélagsins í undirskrift í tölvupósti sem þýddi að hann uppfylli þá þau viðmið sem fagfélagið setti. Þannig gildi lög félagsins í staðinn fyrir landslög eins og raunin er með löggildingar.

4.6 Viðtal við fulltrúa frá APM

Í viðtali við fulltrúa frá APM kom fram að allir geti kallað sig verkefnastjóra í Bretlandi og engin skilgreining er til um hvað það þýðir hvað varðar hæfni, líkt og á við um löggilda endurskoðendur, lögfræðinga o.fl. stéttir. APM vildi gera verkefnastjórnun að faggrein og ákváðu að taka upp löggildingu og þróa staðal fyrir löggilta faglega verkefnastjóra. Fólk sem fer í gegnum löggildingarferlið má kalla sig löggiltan faglegan verkefnastjóra (e. Chartered project professional) og setja ChPP fyrir aftan nafnið sitt. Mögulega verður hægt að uppfylla tæknilega hluta umsóknar löggildingar með háskólanámi í verkefnastjórnun. Þegar viðmælandi var spurður hvað muni breytast með því að taka upp löggildingu sagði hann að markmiðið væri að auka fagmennsku í verkefnastjórnun. Þegar þeir sem þurfa á verkefnastjórum að halda biðja um löggiltan faglegan verkefnastjóra þá veit hann að löggiltur aðili er hæfur til að meta hvort

verkefnið sem um ræðir sé raunhæft til afhendingar og viðkomandi er hæfur til að stjórna því. Einnig starfar viðkomandi eftir siðareglum og hægt að ganga að því vísu að viðkomandi muni vera heiðarlegur og þannig byggja upp traust að einhverju leyti. Hver sem er mun enn geta kallað sig verkefnastjóri en vonast er til þess að þróunin verði í þá átt að löggiltur faglegur verkefnastjóri taki við í auknum mæli. Með tímanum ætti notkun á titlum og starfsheitum hvað verkefnastjórnun varðar að breytast. Eitt af því sem APM er að gera er að vinna með breskum stjórnvöldum við að fá sína verkefnastjóra löggilta sem faglega verkefnastjóra þar sem að það tryggir ákveðna hæfni.

Stjórn APM tók ákvörðun um að fara í þetta ferli og vegferðina í átt að því að fá konunglega leyfisbréfið (e. Royal charter) sem hófst fyrir 8-9 árum. Upphaflega hugmyndin var sú að nú væri tími fyrir þessa faggrein að fá löggildingu sambærilega og þær faggreinar sem við miðum okkur við. Ef við byrjum að gera verkefnastjórana faglegri mun almennur árangur verkefna aukast því fagmanneskja mun vinna við þau. Í þróunarfásanum leitaði APM sér ráðgjafar hjá stærri fyrirtækjunum sem eru meðlimir í APM til að tryggja að það sem þau voru að gera samræmdist kröfum fyrirtækjanna og þeirra vandamálum. Þannig fengu fyrirtækin að taka þátt í þessu og munu þannig bjóða upp á löggildinguna fyrir sitt fólk og setja kröfur á að fólk sem vinni í verkefnum með þeim geri það einnig. Þeir mættu ekki mörgum hindrunum fyrir utan eitt dómsmál sem tók langan tíma og það tafði ferlið. Allt annað gekk vel fyrir sig. Að sögn fulltrúans studdi meirihluti þetta framtak en þó voru nokkrir sem fannst verkefnastjórnun ekki vera faggrein á sama hátt og t.d. lögfræði er faggrein en enginn var á þeirri skoðun að þetta væri rangt að gera en sumir sáu ekki virðið í að fara þessa leið.

Aðspurður um kostina við að gera þetta sagði fulltrúinn þá vera að þetta auki fagmennsku, með þessu þarf fólk að hlýða siðareglum, að skuldbinda sig til að sinna faglegri þróun, þetta eykur hæfni þeirra og eykur traust í samfélaginu. Í viðskiptaáætlun koma fram rannsóknir sem þeir gerðu til að meta þetta en þau gögn eru trúnaðargögn. Aðspurður um gallana segir hann það vera áskorun að fá þetta viðurkennt á markaðnum og að fá fólk til að skilja virðið í þessu og óvíst hvað það taki langan tíma. Ábyrgð verkefnastjóra ætti að verða skýrari, þeir þurfa að fara eftir siðareglum og fara í gegnum endurmenntun til að halda áfram faglegri þróun og halda sinni hæfni. APM hefur útbúið samskiptaherferð til 12 mánaða þar sem fram kemur áætlun um að vinna með mannauðsstjórum og fólki sem sér um ráðningar og kynna fyrir þeim að þegar þeir auglýsa eftir nýjum störfum ætti að biðja um löggiltan faglegan verkefnastjóra.

5. UMRÆÐUR

Ljóst er að starfsheitið verkefnastjóri er notað í víðtækum skilningi sem veldur því að almenningur áttar sig ekki alltaf á því hvað felst í því að vera verkefnastjóri. Niðurstöður rannsóknirnar sýndu skýrt að viðmælendur könnuðust við þetta vandamál sem önnur lokaverkefni hafa varpað ljósi á og fjallað var um í 2. kafla. Fulltrúi ráðningarfyrirtækis staðfesti þetta líka, að fyrirtæki ráða í stöður verkefnastjóra sem eru ekki eiginleg verkefnastjórnunarstörf. Ef ekkert er að gert verður tíminn að leiða í ljós hvort þetta breytist með fleiri útskrifuðum og IPMA vottuðum einsaklingum og aukinni vitund um verkefnastjórnun í þjóðfélaginu. Umræður um löggildingu starfsheitisins hafa verið meðal verkefnastjóra og sýna niðurstöður rannsóknarinnar að með löggildingu mætti skýra hverjir megi kalla sig verkefnastjóri og hverjir ekki. Með löggildingu starfsheitisins kæmi staðfesting á því að viðkomandi kynni til verka og myndi auka líkurnar á farsælu verkefni þar sem aukin þekking auki líkur á árangri. Eins og doktorsverkefni Þórðar Víkings sýndi geta verið gríðarlegir hasgmunir í húfi þegar verkefni eru annars vegar og er því mikilvægt að

verkefnastjórar kunni vel til verka (Þórður Víkingur Friðgeirsson, 2015). Meirihluta viðmælenda fannst mikilvægt að löggilda starfsheitið verkefnastjóri. Viðmælendur sáu fyrir sér að mögulega mætti tengja IPMA vottun og löggildinguna saman að einhverju leyti sem gæti þá falist í því hver viðmið yrðu fyrir löggildingu. Ljóst er að viðmælendum fannst mikilvægt að löggjafarvaldið tæki afstöðu til starfsheitisins og þess vegna væri IPMA vottunun ekki nóg í þessu samhengi. Einnig þyrfti að ákveða hvaða starfsheiti það væri sem ætti að lögvernda líkt og Bretar ákváðu að löggilda starfsheitið faglegur verkefnastjóri. Skiptar skoðanir eru um hvaða viðmið fólk þyrfti til að sýna fram á þekkingu, hæfni og færni í verkefnastjórnun til að fá löggildingu starfstilisins. Bakgrunnur viðmælenda er misjafn og áherslur þeirra fólust kannski svoltið í því.

Hvort löggilding starfsheitisins verkefnastjóri myndi hafa áhrif á samfélagið í heild er, þegar heilt er á litið, ein mikilvægasta spurning sem þarf að spyrja í þessu samhengi. Forsendurnar sem gefnar eru samkvæmt Stjórnarskrá eru að atvinnufrelsi megi setja skorður með lögum þegar almannahagsmunir krefjast þess. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar virðast flestir vera frekar á þeirri skoðun að löggilding starfsheitisins sé verkefnastjórunum sjálfum í hag frekar en almenningi. Þó nefndi einn viðmælandi að þar sem miklir fjármunir væru oft á tíðum í húfi, ekki síst í opinbera geiranum, þá hefði það, að fólk í verkefnastjórnunarstöðum væri vel menntað og með reynslu í þessum efnun, jákvæð áhrif á samfélagið.

Aðkoma fagfélaga að löggildingum virðist vera mismunandi eftir því hvaða starfsstétt um ræðir og hvernig þetta er tilgreint í viðkomandi lögum. Fram kom að starfsheitinu tölvunarfræðingur var bætt við fyrri Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni - og hönnunargreinum nr. 8/1996. Þar var sett inn málsgrein um að ekki þyrfti leyfi ráðherra heldur væri lögverndað starfsheiti veitt sjálfkrafa þegar viðeigandi menntun væri lokið. Þetta gefur til kynna að það skiptir máli við hvaða lög eigi að bæta hinni nýlöggiltu starfsstétt. Þetta skýrir að einhverju leyti þann mun sem sést í löggildingum mismunandi starfsstétta. Einnig kom fram að siðareglur verk- og tæknifræðinga eru bundnar við félagsmenn VFÍ en ekki starfsheitið sjálft, sem gefur til kynna að löggilding á starfsheiti haldist ekki endilega í hendur við að siðareglur starfsstéttar séu teknar upp. Athygli vakti að viðmælandi sagði VFÍ hafa veitt þingsályktunartillögu um auknar kröfur um verkefnastýringu í opinberar framkvæmdir jákvæða umsögn. Hér er um að ræða þingsályktunartillögu um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga þar sem „*Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að útfæra stefnumörkun með það að markmiði að tryggja gæði, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga allt frá hugmyndastigi til framkvæmda og út ætlaðan líftíma þeirra*“ (Þingskjal 853, 2017-2018). Þetta gefur til kynna að mikið sé í húfi þegar kemur að opinberum verkefnum og vilja á Alþingi til þess að tryggja betri verkefnastýringu.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar virðast Bretar í sömu vandræðum og Íslendingar varðandi víðtæka notkun orðsins verkefnastjóri. Það sem dró Breta áfram í átt að löggildingu var að þeir vildu gera verkefnastjórnun að faggrein líkt og aðrar sambærilegar stéttir. Með meiri fagmennsku mun almennur árangur verkefna aukast. Vegferð þeirra tók langan tíma en gekk nokkuð vel fyrir sig. Áfram mun fólk mega kalla sig verkefnastjóra þrátt fyrir að fá ekki löggildingu en þeir sem fara löggildingarleiðina mega kalla sig löggilta faglega verkefnastjóra. Markmið Breta með þessu er að auka fagmennsku í verkefnastjórnun. Þeir leggja mikið upp úr því að löggiltir aðilar þurfi að hlýða settum siðareglum sem og sýna fram á endurmenntun árlega. Bretar fengu ráðgjöf frá stórum fyrirtækjum sem notast við verkefnastjórnun þegar þeir útbjuggu staðalinn fyrir löggilta faglega verkefnastjóra.

Það virðist hægara sagt en gert að fá löggildingu á starfsheiti nú til dags og samkvæmt viðmælendum frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er verið að falla frá því að löggilda ný starfsheiti en erfitt væri að taka löggildinu starfsheita af þeim sem væru nú þegar löggild. Eins og áður hefur komið fram eru mörg laganna um löggildingu starfsheita nokkuð gömul og mögulega giltu aðrar reglur í þá daga þar sem meira kapp var lagt á að verja starfsstéttina og neytendavernd fremur en almannahagsmunir. Þetta virðist því vera ástæðan fyrir því að mörg starfsheiti eru nú þegar löggilt og ekki fæst séð hvernig almannahagsmunir séu í húfi. Að þessu sögðu getur það reynst ansi erfitt fyrir verkefnastjóra að fá starfsheitið löggilt þar sem samkvæmt dómarafarmkvæmd síðustu ára eru orðnar auknar kröfur í þessum málum („Skýrsla nefndar vegna endurskoðunar Iðnaðarlaga“, 2012). Færa má rök fyrir því að einhverju leyti að almannahagsmunir séu í húfi samanber framúrkeyrslu kostnaðar í opinberum verkefnum sem fela í sér ráðstöfun mikilla fjármuna í formi skattfjár (Þórður Víkingur Friðgeirsson, 2015). Ákvæðið um að setja skorður á atvinnufrelsi er enn fyrir hendi í Stjórnarskránni en eins og áður sagði þarf að sanna það að almannahagsmunir séu í húfi. Starfsmaður ráðuneytisins nefndi að hægt væri að fara aðrar leiðir eins og að viðeigandi fagfélag hefði inngönguskilyrði fyrir aðildarfélag og með því væri hægt að setja ákveðinn stimpil á viðkomandi aðila. Í tilfalli verkefnastjóra eru IPMA vottanir í boði, en þær eru ekki inngönguskilyrði í Verkefnastjórnunarfélagið. Eins og staðan er núna geta fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklingar orðið félagsmenn í VSF og geta því allir gengið í félagið svo lengi sem skráning á sér stað og félagsgjöld eru greidd (Verkefnastjórnunarfélag Íslands, 2014b).

Úrvinnsla viðtala tók mikinn tíma og langan tíma tók að fá skýra mynd á skilgreiningu löggildingar samkvæmt lögum. Rannsókninni tókst nokkuð vel að varpa ljósi á viðhorf viðmælenda gagnvart rannsóknarspurningum en þess ber að geta að þekking viðmælenda á skilyrðum til löggildingar var ekki mjög mikil. Viðtöl reyndust í þessu tilfalli vera góð aðferð til að svara rannsóknarspurningum. Efniviður viðtala var lengri en þessi rannsókn segir til um og er það miður að ekki hafi verið hægt að koma öllum spurningum viðtalanna að. Dæmi um umræðuefni sem ekki komst að var hvort löggilding starfsheitisins myndi hafa áhrif á fagþróun verkefnastjóra, hvort einhverja endurmenntun þyrfti til að halda löggildingu og hvort löggilding myndi hafa áhrif á ábyrgð verkefnastjóra. Er á heildina er litið verður að segjast að vel hafi tekist við að varpa ljósi á efnið með þeirri aðferðafræði sem beitt var.

6. ÁLYKTUN

Af þessu má álykta að niðurstöður verkefnisins má nota til þess að skoða hver næstu skref séu í boði varðandi mögulega löggildingu starfsheitisins verkefnastjóri, hvort sem það er að kalla saman til umræðu þá hagsmunaaðila sem málið varðar, setja á laggirnar starfshóp eða annað þá er það sannarlega svo að viðtæk notkun starfsheitisins verkefnastjóri er vandamál sem þarf að ræða og komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Verkefnastjórnunarfélagið og háskólasamfélagið yrðu þar líklega í lykilhlutverki, í samráði við ríkisvaldið. Það liggur beinast við að skoða hvað aðrir hafa gert í viðlíka málum, bæði hér á landi og erlendis. Ljóst er að rík hefð er fyrir löggildingu starfsheita á Íslandi (Viðskiptaráð Íslands, 2015). Niðurstöður benda til þess að gott væri að skoða hvað Norðurlandþjóðirnar og Bretar hafa gert í þessum efnum og læra af þeim. Einnig gæti verið gagnlegt að skoða hvað aðrar sambærilegar starfsstéttir hafa gert í viðlíka málum. Einni spurning er þó ósvarað, hver á að hefja þessa vinnu? Er það VSF, háskólasamfélagið eða einhver annar? Þess ber að geta að tilgangur VSF er „*að kynna aðferðir verkefnastjórnunar og efla verkefnastjórnun á sem flestum sviðum þjóðlífsins.*“ Markmið félagsins eru meðal annars að „*kynna og auka skilning á nauðsyn verkefnastjórnunar*“ og þar væri vel hægt að staðsetja þá skyldu þeirra að hefja formlegar umræður um hver næstu skref ættu að vera í þessum efnum (Verkefnastjórnunarfélag Íslands, 2014b).

7. ÞAKKIR

Viðmælendum í rannsókninni vil ég þakka kærlega fyrir að gefa sér tíma til að ræða við mig og þeirra mikilvæga innlegg. Ég vil þakka Bryndísi Láru Torfadóttur innilega fyrir yfirlestur ritgerðar og leiðbeinanda mínum, Helga Þór Jónssyni fyrir gott samstarf og gagnlegar ábendingar. Rögnu Björk Kristjánsdóttur vil ég þakka góð ráð við heimildaskráningar og Gunnari Þorbergi Gylfasyni þakka ég góð ráð varðandi lög og reglugerðir. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni og bekkjarsystkinum fyrir góðan og oft nauðsynlegan stuðning meðan á MPM náminu stóð. Takk.

8. HEIMILDASKRÁ

Association for project management. (e.d.-a). The Chartered Project Professional (ChPP).

Sótt 21. apríl 2018 af <https://www.apm.org.uk/chartered-standard/>

Association for project management. (e.d.-b). *The Chartered Project Professional Standard*.

Sótt 24. apríl 2018 af <https://www.apm.org.uk/media/8010/chartered-project-professional-standard.pdf>

Bornstein, M. H., Jager, J. og Putnick, D. L. (2013). Sampling in developmental science:

Situations, shortcomings, solutions, and standards. *Developmental Review*, 33(4), 357–370. doi:10.1016/j.dr.2013.08.003

Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason. (2013). *Project Ethics* (1. útg.). England: Gower Publishing Limited.

Háskóli Íslands. (e.d.). Verkefnastjórnun. Sótt 26. apríl 2018 af

<https://www.hi.is/node/300332/#um-namid>

Háskólinn í Reykjavík. (e.d.). Um okkur. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.ru.is/mpm/um-okkur/>

Helga Guðmundsdóttir og Guðlaug Stella Jónsdóttir. (2014). *Starfsheitið verkefnastjóri - Hvaða kröfur eru gerðar til íslenskra verkefnastjóra í starfsauglýsingum?* (MPM).

Háskólinn í Reykjavík, Tækni- og verkfræðideild. Sótt 17. febrúar 2018 af

<http://hdl.handle.net/1946/19519>

Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginndlegum rannsóknum. Í Sigríður

Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1.útg., bls. 137–153).

Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson. (e.d.). Saga námsins. Sótt 26. apríl 2018 af

<http://vogl.is/sagan/>

Helgi Þór Ingason, Haukur Ingi Jónasson og Þórður Víkingur Friðgeirsson. (e.d.). *Project management in Iceland: The path to a profession*. Óútgefin tímaritsgrein.

Linda Björk Hávarðardóttir. (2018). *Vottun verkefnastjóra, veruleikinn á Íslandi* (MS-gráða í viðskiptafræði). Sótt 2. apríl 2018 af <http://hdl.handle.net/1946/29347>

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008.

Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996.

Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga nr. 27/1981.

María Björk Gunnarsdóttir. (2018). *Verkefnastjórar framtíðarinnar* (MS-gráða í viðskiptafræði). Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild. Sótt 30. mars 2018 af <http://hdl.handle.net/1946/29345>

Reglugerð um endurmenntun endurskoðenda nr. 30/2011.

Reglugerð um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 249/1999.

Skýrsla nefndar vegna endurskoðunar Iðnaðarlaga. (2012). Sótt 22. apríl 2018 af <https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/frettir2/Skyrsla-idnadarlaganefndar---3-februar-2012---LOKAUTGAFA.pdf>

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Unnur Ágústsdóttir. (2007). „*Verkefnastjóri óskast*“ - *Hvaða kröfur eru gerðar til verkefnastjóra við ráðningar?* (Óbirt lokaritgerð). Háskóli Íslands, Verkfræðideild.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands. (2014a). *Hálfnað er verk þá hafð er*. Sótt 17. febrúar 2018 af https://www.vsf.is/static/files/Skyrslur/halfnad-er-verk_final_web_low_696059479.pdf

- Verkefnastjórnunarfélag Íslands. (2014b). Lög Verkefnastjórnunarfélags Íslands. Sótt 28. apríl 2018 af https://www.vsf.is/static/files/Skyrslur/10302-log-vsf_samthlykt-6-mars-2014.pdf
- Verkefnastjórnunarfélag Íslands. (e.d.-a). Endurvottun. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.vsf.is/is/vottun/endurvottun>
- Verkefnastjórnunarfélag Íslands. (e.d.-b). Um vottanir. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.vsf.is/is/vottun/um-vottanir>
- Verkefnastjórnunarfélag Íslands. (e.d.-c). Upplýsingar um vottunarstig. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.vsf.is/is/vottun/vottunarstig>
- Verkefnastjórnunarfélag Íslands. (e.d.-d). Siðareglur vottaðra verkefnastjóra. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.vsf.is/is/vottun/um-vottanir/sidareglur-vottadra-verkefnastjora>
- Viðskiptaráð Íslands. (2015). *Banvænn biti? Lögverndun á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt 20. apríl 2018 af http://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/skodanir/banvaenn_biti.pdf
- Viðskiptaráð Íslands. (e.d.). Hlutverk og lög. Sótt 20. apríl 2018 af <http://vi.is/um-okkur/hlutverk>
- Vogl. (e.d.). Námið. Sótt 26. apríl 2018 af <http://vogl.is/namid/>
- Þingskjal 853. (2017-2018). Þingsályktun um trygging gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga. *Alþingistíðindi A-deild, 148*. Sótt 2. maí 2018 af <https://www.althingi.is/altext/148/s/0853.html>
- Þórður Víkingur Friðgeirsson. (2015). *Improvement of the governance and management of Icelandic public projects* (Doktorsrigrerð í heimspeki). Háskólinn í Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23278>